

Mannréttindafræðsla í æskulýðsstarfi!

Hefur þú áhuga á fræðslu um mannréttindi?

Vilt þú kynnast fjölbreyttum og skapandi leiðum fyrir ungt fólk sem nýtast jafnt innan skóla sem á vettvangi frjálsra félagasamtaka og æskulýðsstarfs?

Þá er Kompás bókin sem þú ættir að kynnast og eftirfarandi námskeið sniðið fyrir þig!



- **Hvar:** Félagsheimili KFUM og KFUK í Sunnuhlíð, Akureyri.
- **Hvenær:** Frá föstudegi 12. mars 16:00 til laugardags 13. mars 16:00.
- **Hver:** Annars vegar ungt fólk (18+) sem er virkt í æskulýðsstarfi og hefur áhuga á mannréttindum og hins vegar starfsfólk og sjálfbóðaliðar sem gegna ábyrgðarhlutverkum í æskulýðsstarfi.
- **Námskeiðið er sérstaklega ætlað þeim sem hafa áhuga á að hvetja og þjálfa aðra í að nota Kompás!**

Dagskráin

Föstudagur

15:45 Skráning og upplýsingar.

16:00 Dagskráin kynnt.

16:30 Verkefnavinna úr Kompás.

18:30 Kvöldverður.

19:15 Verkefnavinna úr Kompás.

21:15 Dagskrárlök.

Laugardagur

09:00 Verkefnavinna úr Kompás.

10:00 Kompás á Íslensku, kynning.

10:30 Verkefnavinna úr Kompás.

12:00 Hádegisverður.

13:00 Aðferðafræði óformlegs náms.

14:00 Að nota Kompás í eigin starfi.

16:00 Dagskrárlök, boðið upp á kaffi og möguleika til að sitja og spjalla áfram.

Leiðbeinendur (þjálfarar)

Leiðbeinendur á námskeiðinu eru þrír.

- **Pétur Björgvin Þorsteinsson**, er með meistaragráðu í Evrópufræðum frá Bifröst, vinnur sem djákni í Glerárkirkju og kemur að þjálfun á námskeiðum á vegum Evrópu Unga Fólksins og fleiru.
- **Jóhann H. Þorsteinsson** er kennari og meistaranemi í menntunarfræðum og vinnur sem svæðisfulltrúi KFUM og KFUK á Norðurlandi.
- **Guðrún Snorradóttir** er kennari, námsráðgjafi og meistaranemi í menntastjórnun og vinnur sem landsfulltrúi hjá UMFÍ.

Kompás kom út í desember síðastliðinn á íslensku, en bókin hefur reynst vel í mannréttindafræðslu í skólafélags og æskulýðsstarfi víða um Evrópu.

Kompás er ætlað að stuðla að því að mannréttindafræðsla verði liður í almennu æskulýðsstarfi.

Hér er á ferðinni efni sem auðvelt er að nota fyrir öll sem sinna mannréttindafræðslu meðal ungs fólks.

Þetta er bók sem hefur upp á fjölbreyttar aðferðir og verkefni að bjóða og tryggir þannig að mannréttindi verða ekki að kreddu sem er þröngvað upp á fólk.

Námskeiðið kostar 5.000 krónur! Kvöldmatur á föstudegi og hádegisverður á laugardegi er innifalinn.

Nánari upplýsingar í síma 588 8899. Það er Æskulýðsvettvangurinn sem stendur fyrir þessu námskeiði að tilstuðlan mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Skráning með tölvupósti á: hjordis@kfum.is - Síðasti skráningardagur er 9. mars. Athugið: Aðeins 25 pláss